


✉ Re: Ósk um umsögn - Arnarstaðakot, Skálmholt, Glóra - aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029- 2110027

Búið til	27.4.2022 16:25:31
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.4.2022 16:25:30
Tilheyrir	 202204-0008 - Arnarstaðakot, Skálmholt, Glóra - aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029. Ósk um umsögn

Efni

Re: Ósk um umsögn - Arnarstaðakot, Skálmholt, Glóra - aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029- 2110027

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.4.2022 16:25:30	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202204-0008 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveits bs., dags. 6. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu aðalskipulagsbreytingar Flóahrepps fyrir Arnarstaðakot, Skálmholt og Glóru.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna skilmála um ný íbúðarsvæði í landi Arnarstaðakots og Skálmholts þann 22. desember 2021.

Í þeirri umsögn kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi að sú stefnubreyting í Flóahreppi að heimila uppbyggingu nýrra íbúðarsvæða í dreifbýli þar sem í dag eru landbúnaðarsvæði í bland við ósnortin náttúrusvæði, geti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir náttúru svæðisins ef ekki er varlega farið. Sérstaklega þyrfti að huga að áhrifum á búsvæði fugla, einkum mófugla, sem og á votlendi.

Í umsögninni um skipulags- og matslýsinguna segir m.a. um áhrif á fugla:

„Eins og fram kemur í greinargerð skipulagslýsingarinnar hefur Náttúrufræðistofnun skilgreint Suðurlandsundirlendið allt sem mikilvægt fuglasvæði (Suðurlandsundirlendi | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<http://www.ni.is/node/16184>)). Á svæðinu öllu er mikið fuglalíf m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Eins er mikið fuglalíf við ár og vötn og svæðið alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður fartegunda eins og álfar og gæsategunda.

Frekar fá svæði á Suðurlandsundirlendinu eru friðlýst eða undir annars konar verndun og mikið hefur verið gengið á búsvæði fugla t.d. með framræslu votlendis, vegagerð, efnistöku, skógrækt og með því að skipuleggja land undir frístundabyggð eða íbúðarsvæði. Rannsóknir hafa sýnt að hvers kyns mannvirki hafa fælandi áhrif á margar fuglategundir, einkum vaðfuglategundir sem verpa á opnum svæðum. Slík áhrif koma fram í lægri þéttleika varpfugla næst mannvirkjunum og getur áhrifanna gætt í nokkur hundruð metra fjarlægð. Því er búsvæðatav fugla sem fylgir svona framkvæmdum umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu. Hætta er á að búsvæðum mikilvægra fuglastofna sem sumar eru ábyrgðartegundir fyrir Ísland, fækki mjög ef skipulag landsvæða á Suðurlandsundirlendinu tekur ekki mið af þörfum þeirra.

Náttúrufræðistofnun telur því mikilvægt að sveitarfélög sem eiga víðáttumikil dreifbýlislandsvæði á Suðurlandsundirlendinu taki tillit til þessa með því að skipuleggja ekki of mörg eða of dreifð íbúðarsvæði. Betra er að hafa færri og þéttbyggðari svæði og skilja eftir opin svæði sem geta hentað sem búsvæði fyrir vaðfugla, og þá sérstaklega lítt röskuð mó-, gras- og votlendi.“

Og um votlendi segir í umsögninni: „Votlendissvæðum hefur sömuleiðis fækkað mikið á Suðurlandsundirlendinu undanfarna öld vegna framræsingar fyrir landbúnað og aðra landnotkun. Votlendi eru afar verðmæt vistkerfi, þau eru mikilvæg búsvæði fugla og annarra lífvera, binda kolefni og gegna mikilvægu hlutverki við náttúrulega miðlun vatns. Þá ber Ísland alþjóðlega ábyrgð á verndun tiltekinna votlendisvistgerða með hátt verndargildi, sem sumar eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem ber að vernda eins og kemur fram í greinargerð skipulagslýsingarinnar. Mjög mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að hlúa að þeim votlendissvæðum sem óröskuð eru á Suðurlandsundirlendinu og stefna að endurheimt raskaðra svæða eins og unnt er.“

Í ljósi þessa lagði Náttúrufræðistofnun til að sveitarfélagið myndi innleiða í sín skipulagsáform markmið um að að styrkja stöðu votlendissvæða og annarra búsvæða fugla t.d. með því að tilgreina svæði sem ætluð eru verndar- eða endurheimtaraðgerðum.

Varðandi Arnarstaðakot kom fram í umsögninni að Náttúrufræðistofnun telur óheppilegt að lítt röskuðu votlendi sé fórnað undir gisna íbúðabyggð. Þar finnast allmargar votlendisvistgerðir, sumar með mjög hátt verndargildi. Í landi Skálmholts er einkum um mó- og graslendisvistgerðir að ræða, en þær hafa sumar hátt verndargildi. Votlendisvistgerðir er einnig að finna innan svæðisins sem er mjög stórt eða 64 ha. Náttúrufræðistofnun taldi í umsögninni að nauðsynlegt sé að mæla þéttleika vaðfugla og annarra varpfugla á svæðinu til að hægt sé að meta áhrif skipulagsáformanna á fuglalíf svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og telur að allar þær ábendingar úr umsögninni um skipulags- og matslýsinguna sem tíundaðar eru hér að ofan eigi enn við enda áformin óbreytt frá því sem kom fram í skipulags- og matslýsingunni.

Náttúrufræðistofnun telur áfram að finna ætti áætlaðri íbúðabyggð í landi Arnarstaðakots aðra staðsetningu en þar sem votlendisvistgerðir er að finna. Þá er mjög óheppilegt að ekki hafi verið farið í athugun á fuglalífi í landi Skálmholts sem vegna stærðar og eiginleika er líklegt til að vera mikilvægt fyrir mófugla og að þörf sé á að verja slík svæði þar sem þau finnast á Suðurlandsundirlendinu. Með fuglaathugunum hefði mátt staðfesta hvort um slíkt svæði væri að ræða eða ekki. Án betri upplýsinga getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir að uppbygging á 65 lóðum muni einungis hafa óveruleg áhrif á lífríki.

Til viðbótar er til umfjöllunar skipulagssvæði á jörðinni Glóru. Innan þess svæðis eru einnig votlendisvistgerðir með hátt verndargildi en þar er þó ekki það stór votlendisheild að hún falli undir ákvæði um sérstaka verndun. Vegna nálægðar við vegi er einnig líklegt að búsvæði mófugla séu strjálí þar en t.d. á svæðinu norðan við bæinn þar sem ekki er stefnt að uppbyggingu. Þó væri æskilegt að kanna það betur.

Ekki er að sjá að tekið hafi verið undir tillögu Náttúrufræðistofnunar um að horft sé til mótvægisáðgerða með því að stefna að því að sveitarfélagið innleiði í sín skipulagsáform markmið um að styrkja stöðu votlendissvæða og annarra búsvæða fugla t.d. með því að tilgreina svæði sem ætluð eru verndar- eða endurheimtaraðgerðum. Er sveitarfélagið áfram hvatt til þess að gera slíkt í ljósi þess að mikil þörf er á slíkum aðgerðum á Suðurlandsundirlendinu þ.m.t. í Flóahreppi. Þótt það yrði ekki útfært í þessari aðalskipulagsbreytingu mætti nefna að stefnt verði að því. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til ráðgjafar varðandi slík áform.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn - Arnarstaðakot, Skálmholt, Glóra - aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029- 2110027

Date: 6.4.2022 09:19:48

Góðan daginn

Óskum eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi tillögu aðalskipulagsbreytingar Flóahrepps fyrir Arnarstaðakot, Skálmholt og Glóru.

Tillagan er í kynningu til 27.apríl n.k.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (<mailto:stella@utu.is>)

Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)